

TRÚARBRÖGÐ FRAMTÍÐARINNAR

EFTIR CHARLES W. ELIOT

Framhald

Eftir að hafa virt fyrir oss hvað trúarbrögð framtíðarinnar munu ekki verða, látum oss fhuga hvaða jákvæð atriði mun verða að finna í þeim.

Hin nýja guðshugmynd mun verða það sem einkennir þau mest. Þessi hugsjón mun fela í sér Jahve Gyðinganna, alheims föður kristinna manna, hið alstaðar nálæga og sívaranlega afl nútíðar edlisfræðinganna og hina líffræðislegu hugmynd um lífsafl. Hinn óendanlegi andi er alstaðar í heiminum, alveg eins og andi mannsins er alstaðar í líkama hans, og starfar, með meðvitund eða meðvitundarlaust, í hverju ódeili hans. Tuttugasta öldin mun bókstaflega og skilyrdalaust viðurkenna staðhæfingu Páls: „Í honum lifum hrærumst og erum vér,” og guð er sú lífsuppspretta eða óaflátanlegi innblástur. Hin nýja trú er þess vegna algerð eingyðistrú, hennar guð er hinn eini ótakmarkaði kraftur; en þessi guð er ekki fjarlægur, heldur í öllu, og sérstaklega í hverri lifandi veru. Guð er svo algerlega í öllum hlutum, dauðum og lifandi, að engin meðalganga er nauðsynleg á milli hans og hins smæsta í tilverunni. Í siðferðiseiginleikum sínum er hann fyrir hvern mann óendanleg margföldun allra hinna göfugustu, hjartnæmustu og voldugustu eiginleika sem hann hefir séð eða getað hugsað sér í fari nokkurs manns. Í þessum skilningi býr hver maður sér til mynd af guði. Hver öld, lítt síðud eða síðud, sæl eða vansæl, í framför eða afturför, býr sér til sína eigin guðshugmynd innan takmarka sinnar eigin reynzlu og hugmynda. Í þessum skilningi einnig verður mannúðleg trú að bíða mannúðlegrar kynslóðar. Aðalatriði hinnar nýju trúar verða þess vegna mannúðleg og háleit guðshugmynd, í fullu samræmi við það sem níttjándi öldin hefir leitt í ljós viðvíkjandi mannum og